

merkjadómsins, uppkveðnum 7. febr. 1931 af bæjarfógeta og tveimur meðdómsmönnum, en með því að dómsgerðirnar bera það eigi með sér, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu dómsstarf þetta af hendi, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum.

Samkvæmt kröfu áfrýjanda ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 150 kr.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk.

Hinir stefndu, Alf. Jónsson, Friðleifur Jóhannsson og Þorsteinn Jónsson, greiði áfrýjanda h/f „Rammi“ á Siglufirði 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. marz 1933.

Nr. 49/1932. **Jóhanne Davidsson** (Lárus Fjeldsted)  
gegn

**Ferdinand Hansen**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Fjárnám ógilt. Hið fjárnumda séreign konu.

*Fjárnámsgjörð fógetaréttar Hafnarfjarðar 1. febr. 1932.*

**Dómur hæstaréttar.**

Árið 1912 gekk áfrýjandi að eiga mann sinn, Ólaf Davíðsson, kaupmann í Hafnarfirði, og höfðu þau hjón fullkomið fjárfélag, þar til er þau

gerðu með sér kaupmála 8 ágúst 1922, er innritaður var til þinglýsingar 24. s. m. Samkvæmt skýrslu málflytjanda áfrýjanda hér fyrir dómi hefir hlutaðeigandi valdsmaður tjáð honum, að kaupmálinn hafi og verið þinglesinn, og hefir ekki verið véfengt, að málflytjandinn skýrði hér rétt frá. Hins vegar hefir kaupmálinn ekki hlotið konunglega staðfestingu. Í kaupmálanum segir meðal annars, að maður áfrýjanda skuli, frá því er kaupmálinn öðlast gildi, taka við öllum eignum félagsbús þeirra hjóna og svara til allra skulda, er á því hvila, enda skyldu allar þáverandi og síðar til komnar skuldir félagsbúsins vera áfrýjanda óviðkomandi. Ennfremur skyldi allt það, er áfrýjandi kynni að eignast eftir sama tíma, vera séreign hennar og skuldum félagsbúsins þeim, er þá hvíldu á því eða síðar yrðu stofnaðar af manni hennar, óviðkomandi.

Með afsalsbréfi 16. sept. 1931, sem og hafði verið þinglesið, varð áfrýjandi eigandi að húseigninni við Krosseyrarveg 7 í Hafnarfirði. Var kaupverðið kr. 7500.00. Var húseign þessi þá óveðbundin, en kaupverðið var greitt með þeim hætti að áfrýjandi fékk kr. 5500.00 að láni gegn 1. veðrétti í eigninni og greiddi lánsupphæðina upp í kaupverðið. Til greiðslu eftirstöðva kaupverðsins útvegaði maður áfrýjanda, sem sjálfur átti þess engan kost að leggja fram fé í því skyni, henni kr. 2000.00 hjá einum vina þeirra hjóna, er lét upphæð þessa í té til þess að tryggja áfrýjanda húsnæði, án þess að taka nokkra tryggingu og með þeim formála, að áfrýjandi endurgreiddi upphæðina, ef og þegar hún gæti.

Með dómi gestaréttar Reykjavíkur 8. júní 1931 var Ólafur Davíðsson dæmdur til þess að greiða stefnda þessa máls vixilskuld, að upphæð kr. 350.00, ásamt þóknun, vöxtum og kostnaði. Var svo þann 1. febr. f. á. samkvæmt kröfu stefnda settur fógetaréttur á heimili áfrýjanda til þess að framkvæma fjárnám til tryggingar dómsskuld þessari, að manni hennar fjarverandi. Gat áfrýjandi ekki bent á neinar eignir, er hann ætti þar, en skýrði frá kaupunum á áður nefndri eign, og að hún væri séreign hennar. Krafðist stefndi þess þá að eignin yrði tekin fjárnámi til tryggingar kröfu sinni, og var það þegar gert, án frekari rannsóknar á málavöxtum, án þess að fógeti leiðbeindi, áfrýjanda samkvæmt 41. gr. aðfararlaganna, enda þótt hann hefði átt að sjá, að leiðbeiningar var þörf, og án þess að kveða upp rökstuddan úrskurð, enda þótt það litla, sem bókað var eftir áfrýjanda, sýndi það, að hún var ósamþykkt að eignin yrði tekin fjárnámi.

Fjárnámsgerð þessari hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 7. apríl f. á., og krafizt ómerkingar á fjárnáminu og málskostnaðar. Stefndi hefir krafizt þess, að fjárnámið verði staðfest, og að honum verði dæmdur málskostnaður.

Úrslit þessa máls velta ekki á gildi kaupmálans gagnvart lánardrottnum manns áfrýjanda. Eftir því sem fram er komið í málinu, lagði áður nefndur þriðji maður, sem fullkunnugt var um hinar bágu fjárhagsástæður áfrýjanda og manns hennar, áður nefndar 2000 kr. fram í því einu skyni, að hjálpa áfrýjanda til að eignast hús yfir höfuðið á sér. Honum var það ljóst, að þessa mundi því að-

eins kostur, að hann veitti til þess þessa hjálp sína. Og hann gerði það með það fyrir augum, að upphæðin yrði ef til vill aldrei endurgreidd, og að framlag hans yrði því í raun rétttri gjöf til áfrýjanda. Hann ætlaðist til þess að áfrýjandi nyti húseignarinnar, án þess að lánardrottinnar manns hennar, gætu gengið að henni, enda gat hann ekki að öðrum kosti haft nokkra ástæðu til þess að veita þessa hjálp. Af þessum ástæðum var oftnefnd eign, jafnskjótt sem kaupin á henni gerðust, sér eign áfrýjanda, samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1900, sbr. nú 2. tölulíð 23. gr. laga nr. 20/1923. Ber því að ómerkja hið áfrýjaða fjárnám og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 200 krónur, er verði séreign hennar, í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámgerð er úr gildi felld. Stefndi, Ferdinand Hansen, greiði áfrýjanda, Johanne Daviðsson, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

---